



BRÚIN

Félag Íslendinga í
Luxembourg

5. tbl. 2007, - 17. árg.
Maí 2007

Þjóðhátíðarskemmtun FÍL laugardaginn 16. júní á Camping í Godbrange

Drög að dagskrá (endanleg dagskrá verður birt síðar)

- 10:00 Upphitun fyrir kvannahlaupið. Vinsamlegast mætið tímanlega vegna skráningar
- 10:30 Kvannahlaup í Trim Parcour í Walferdange.
Brautin er 2,4 km á jafnsléttu svo allir ættu að geta verið með, í formi eða ekki, kerru eða vagni. Þetta er í fimmta sinn sem hlaupið er í Luxembourg. Eins og áður mun Kaupthing Bank Luxembourg styrkja hlaupið. Því miður verða ekki fleiri kvannahlaup í náinni framtíð ef þátttaka verður eins dræm og í fyrra. FÍL mun, eftir sem áður, gefa þátttökugjöldin sem eru 10 € á mann og fritt fyrir börn upp að 12 ára aldri, til góðgerðarmála á Íslandi.
Allir fá áritaða boli og medalíur.
Ekki þarf að tilkynna þátttöku.
- 14:00 Tjaldsvæðið á Camping í Godbrange opnar
- Börnin fá uppblásnar blöðrur við innganginn
- Hoppukastalar fyrir börnin, annar fyrir yngri börn og hinn fyrir þau stærri
- Bestu pylsur í heimi verða til sölu að ógleymdu besta sælgætinu
- 14:15 Hárskreying fyrir unga fólkið sem stendur til 16:30
- 14:15 Andlitsmálning fyrir smáa sem stóra sem stendur til 16:30
- 15:00 Óvæntir atburðir
- 17:00 Grilluð lambalæri með kartöflusalati, hrásalati, rauðkáli, gulum baunum og dásamlegu sveppasósunni hennar Stellu
- 19:30 Dagskrárlök



Í þessu blaði:

Þjóðhátíðarskemmtun FÍL	1
Aðalfundur	1
Kata Friðriks	2
Rúna sýnir áfram	2
Golfmót FÍL	2
Sjálfbodaaliðar	2
Bílar til Íslands	2
Sýning Tolla Tónleikar Bubba	3
Fisksalinn á ferðinni	3
Viking Björ frá Íslandi Gervihnattarbúnaður	3
Heimilishornið	3
Ráðgöðahornið	3
Litlu dálkarnir	4



Næg bílastæði eru á tjaldsvæðinu og félagsmenn eru hvattir til að tjalda og/eða taka með sér stóla, borð, sólhlíf og/eða regnhlíf en umfram allt að klæða sig samkvæmt veðurspá. Vasaljós eru nauðsynleg eftir að myrkva tekur. Hægt er að tengja tæki við rafmagn og gott er að hafa meðferðis framlengingarsnúrur.

Drykkjarföng verða seld á Camping-barnum og gestum er vinsamlegast bent á að versla við barinn.

Þeir sem vilja bjóða sig fram til aðstoðar við skemmtunina (sjá nánar á bls 3), vinsamlegast hafið samband við stjórnarmeðlimi, upplýsingar um símanúmer og e-mail eru á blaðsíðu fjögur.

Stjórn FÍL

Á döfinni:

- Sýning Rúnu framlengd til 31. maí
- Fisksalinn á ferð 1. júní
- Aðalfundur FÍL 6. júní
- Þjóðhátíðarskemmtun FÍL verður 16. júní í Godbrange
- Sýning Kötu opin til 17. júní

**Aðalfundur Félags Íslendinga í Luxembourg er ráðgert að halda 6. júní
næstkomandi á Arizona Lounge !**



Kata Friðriks

Þann 15. mars síðastliðinn opnaði Katrín Friðriks málverkasýningu í Bénédictinehöllinni í bænum Fécamp, skammt norðan við hafnarborgina Le Havre. Sýningin er opin til 17. júní næstkomandi.

Þessi sýning Katrínar í Fécamp er fyrsta af þremur sýningum sem hún heldur á árinu. Einnig vinnur hún nú að viðamikilli 80m2 veggskreytingu fyrir íþróttamiðstöðina Nouveau Centre Olympique í borginni Nîmes í Suður-Frakklandi sem vígð verður í október 2007.



Í júlí mun Katrín sýna verk sín í Luxembourg í samstarfi við aðra íslenska listakonu sem þar býr, Guðrúnu Benediktu Elíasdóttur.

Íris Þorkelsdóttir

Sjálfbóðaliðar

Eftirfarandi er listi yfir atriði þar sem óskað er eftir sjálfbóðaliðum til aðstoðar við þjóðhátíðarskemmtun félagsins þann 16. júní næstkomandi.

Uppsetning tjalda	Margar hendur
Miðasala fyrir pylsur og lamb	Sala/umsjón
Sala íslenska fánans	Sala/umsjón
Hoppukastali yngri börn	Eftirlit
Hoppukastali eldri börn	Eftirlit
Andlitsmálun	Málun/umsjón
Hárskreyting	Setja í hárið
Grillmeistari	Grilla
Aðst.fólk grillmeistara	Grilla + aðstoð
Pylsusala	Sala/umsjón
Sælgætissala	Sala/umsjón
Blöðrublásarar	Gashylki, eftirlit
Frágangur, taka niður tjöld	Margar hendur

Eins og sjá má á ofangreindu sýnishorni þá dreifist skemmtileg vinna á margar hendur.

Látið vita af ykkur til stjórnarneðlima, sjá bls. 4
Stjórn FÍL

Allir leiðir á þessu eða ?

“To put someone before a cats nose”

Á ensku kannski;

“Að koma einhverjum fyrir kattarnef”

Viðförla Netverjinn

Rúna sýnir áfram

Málverkasýning Rúnu sem ber nafnið “Náttúruauðlindir” hefur verið framlengd til 31. maí næstkomandi.



Sýningin er til húsa á Hotel Park Beaux Arts sem er staðsett í elsta hluta miðbæjarins við hliðina á Musée National D'Histoire et D'Art og er opnunartíminn alltaf þegar hótelið er opið, frá klukkan 7 á morgnana til 11 á kvöldin.

Þetta er ellefta einkasýning Rúnu sem hefur áður sýnt á Íslandi, Frakklandi og í Þýskalandi auk þess að hafa tekið þátt í samsýningum, en nákvæmari upplýsingar má finna á heimasíðunni www.rbenedikta.com og um Parc Beaux Arts á www.hpb.lu

Ritstjóri

Moginn 13. maí 2007

Í Morgunblaðinu 13. maí síðastliðinn er birt mikil og áhugaverð grein þar sem rætt er við Einar Guðlaugsson flugstjóra.

Hér er gripið niður í inngang greinarinnar.

“Himinninn var logandi í sprengikúlum þegar hann flaug í síðasta sinn yfir hið skammlífa Afrikulýðveldi Bíafrá, hann var á vettvangi flugslyssins hræðilega á Srí Lanka, hann móðgaði indversku þjóðina á einu bretti - rúman milljarð manna - og gammur gerði tilraun til að granda honum í háloftunum.

Svo kveðst Einar Guðlaugsson flugstjóri ekki hafa frá neinu að segja.”

Mbl. Sunnudaginn 13. maí 2007

Bílar til Íslands

Eins og fram kom í apríl Brú og á www.islandus.net þá hefur Eimskip gert félagsmönnum FÍL tilboð á flutningi bifreiða félagsmanna í sumar á leiðinni Rotterdam-Reykjavík-Rottemdam.

Verð pr. bíl er 1250 € + BAF, sem var þann 17. apríl 2007, 5 € per cbm.

Eimskip og Agnari Br. Sigurvinnsyni er þakkað kærlega fyrir.

Stjórn FÍL

Frankfurt-Hahn

Glöggur ferðalangur til flugvallarins Frankfurt-Hahn vill benda á að hafa tímann fyrir sér þegar leiðin liggur þangað, vegna seinlegra vegaframkvæmda. *Ritstjóri þakkar ábendinguna*

Golfmót FÍL

Golfmót Félags Íslendinga í Luxembourg var haldið 5. maí síðastliðinn á Belenhaff golfvöllinum í Junglinster.

21 keppendur mættu til mótsins og var keppt í 5 liðum. Um 30 manns mættu svo til kvöldverðar og verðlaunaafhendingar eftir mótið.



1. verðlaun með 67 högg, 5 undir pari:
Ásgeir, Solla, Bjargey og Linda



2. verðlaun með 72 högg á pari:
Brian, Valdimar, Birna Fisch, Óskar Bragi og Birna



Skammarverðlaun fengu:
Roland, Gylfi, Guðný og Inga Hrönn

Öll liðin stóðu sig frábærlega og mikil stemming var hjá öllum í góðu veðri.


Sérstakar þakkir til Bjargeyjar og Kauppings fyrir góðan stuðning við mótið.



Sýning TOLLA

“TOLLI” hélt myndlistarsýningu í Abbaye de Neumunster dagana 2. til 16. maí síðastliðinn. Mjög margir gestir voru viðstaddir opnun sýningarinnar og þáðu margvislegar og góðar veitingar meðan frábær verk Tolla voru skoðuð. Myndlistarsýningin var í boði Kaupthing Bank.

Ritstjóri



Tónleikar Bubba

“BUBBI” hélt tónleika í Abbaye de Neumunster í Luxembourg þann 2. maí síðastliðinn. Uppselt var á tónleikana fyrirfram og þóttust þeir takast mjög vel.

Tónleikar Bubba voru í boði Kaupthing Bank.

Ritstjóri



Of mikið prógram?

Sagt er að það taki bara eina mínútu að kynnst einstakri manneskju, klukkutíma að kunna að meta hana, einn dag að elska hana en það taki allt lífið að gleyma henni.

Fjótleg leið til að segja vinum þínum hvers virði þeir séu þér er að gefa sér tíma í að lesa svona stuttukorn, hringja, senda póstkort, senda ljósmynd, senda e-mail, senda SMS eða bara að skreppa í heimsókn.

Ekki vera of önnum kafin(n) til að eiga vini.

Gefðu þér tíma til að lifa, lífið er of stutt.

Viðförli Netverjinn

Heimilishornið

Grillað svínakjöt fyllt með sólþurrkuðum tómötum

Fyrir 4

- 4 sneiðar af beinlausum svínahnakka, 3,5 cm þykkar
- 3 msk McCormick svínakjötskrydd
- 1-2 stk kúrbítur (zucchini)
- 4 stk kartöflur, meðalstórar
- 8 stk cherrytómatar

Kryddlögur

- 1/2 dl ólífuolía
- 1/4 dl sojasóa
- 1 msk. rósmarín, saxað, ferskt

Fylling

- 6 stk. sólþurrkaðir tómatar í sneiðum
- 100 g rifinn mozarellaostur
- 2 stk hvítlauksrif, fint söxuð
- 1 stk laukur, fint saxaður
- 80 g nýjir sveppir í sneiðum

Laukurinn og sveppirnir eru steiktir í olíu, hvítlaukum, sólþurrkuðu tómötunum og rifna ostinum er bætt út í, allt þetta síðan kælt. Skerið djúpan vasa í kjötsneiðarnar frá hlið og fyllið með blöndunni, lokið fyrir með tannstönglum. Ólífuolía, sojasósu og rósmarín er blandað saman og penslað á kjötið. Kjötið grillað í 8 mín. á hvorri hlið og kryddað með svínakjötskryddinu. Síðan er kjötið grillað áfram í 3 mín. á hvorri hlið.

Berið fram með sneiðum af grilluðum kúrbít, grilluðum kartöflubátum og ferskum cherrytómötum.

Grillbók Hagkaups

Hvað er nú til ráða?

“Ég er búin að segja þér í margar vikur að þú eigir ekki að gefa mér neina afmælisgjöf en samt gleymir þú að kaupa hana.”

Viðförli Netverjinn

Íslenska sjónvarpið

Nú er auðvelt að horfa á RUV, því til sölu eru 100 stk. af gervihnattarbúnaði skv. auglýsingu á bls 4. Verð án uppsetningar er 400 €.

Allar upplýsingar eru veittar í síma 621 365 895 eða á e-maili island@pt.lu.



Er London á dagskrá?

Skoðið vefsíðuna www.tastelondon.co.uk og kynnið ykkur klúbb sem veitir allt að 50% afslátt af matseðli hjá rúmlega fjögur hundruð veitingastöðum í borginni.

Ritstjóri

Ráðagóðahornið

Óþroskað avocado

Ef avocadoið er of hart til þess að hægt sé að borða það, þá nægir að setja það inn í heitan ofn í ca. fimm mínútur til þess að það verði hæfilega mjúkt.

Kíwi

Kíwi inniheldur mjög mikið af C-vítamíni, 180 mg í hverjum 100 g. Sem er rúmlega þvisvar sinnum meira magn en í appelsínunum. C-vítamín er eitt öflugasta andoxunarefnið og aðstoðar líkamann við að berjast við sýkingar, svo sem kvef og influensu, það er nauðsynlegt fyrir reykingamenn og getur haft áhrif í baráttunni við alvarlega sjúkdóma eins og krabbamein og hjartasjúkdóma.

Og ekki nóg með það, ávöxturinn er góður kostur fyrir þá, sem vilja líta vel út fram á elliár því það er sagt að eitt kíwi á dag haldi hrukkunum víðsfjarri.

Hvítar tennur

Dýfið tannbursta í kramin jarðaber og burstið kröftuglega. Með þessum hætti má ná af gulri skán og blettum. Einnig er ráð að bursta tennurnar með matarsóða til að þær verði hvítari.

Frábært augnkrem

Áður en gengið er til náða er gott að bera laxerolíu í kringum augun. Lýtalæknar nota þessa aðferð stundum á sjúklinga eftir aðgerð.

Þurrt naglalakk með hraði

Til að naglalakkið þorni fljótt er ráð að stinga fingrunum í kalt vatn þegar lakkið er rétt að byrja að þorna.

Ritstjóri og ýmsar heimildir

VIKING í Luxembourg

Eins og sjá má á blaðsíðu fjögur hér í blaðinu þá er hinn vinsæli íslenski VÍKING bjór, nú til sölu í Luxembourg. Fyrstir panta fyrstir fá! Upplýsingar fást á e-maili island@pt.lu eða í síma 621 365 895.



Fisksalinn á ferð

Fisk- og lambakjötsalinn Pétur verður á ferðinni í Luxembourg þann 1. júní næstkomandi.

Viðkoma hans verður á eftirfarandi stöðum: Junglinster (Centre Polyvalent) á milli kl. 15:00 og 16:00 Findel Flugvællinum (við langtímabilastæði E) á milli kl. 16:45 og 17:30

Pantið tímanlega á e-maili, icekost@t-online.de eða í síma +49 4298 466 826, Gsm +49 178 9055 862 eða Lux Gsm +352 621 590 329.

Icekost



Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg
12 enner der Haerdchen
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

BRÚIN

www.islandus.net

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2006-2007

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771,	621 142 060	fil@islandus.net
Ingvi K. Guttormsson, ritari	350 206,	621 295 185	ikg@pt.lu
Ólafur Ólafsson, gjaldkeri	26 665 326,	621 365 895	island@pt.lu
Birna Björnsdóttir, meðstjórnandi	358 823,	621 375 875	birnabs@pt.lu
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163,	691 637 888	gst@gmx.co.uk
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	26 945 006,	691 348 737	oskars@islandus.net

Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elsa Dórothea Kjartansdóttir	621 572 779	elsakja@simnet.is
Heiða Ingimundardóttir	691 757 767	hei5@hi.is
Dagný Broddadóttir	621 541 292	dagny@vma.is

Stjórn Kirkjunefndar 2006-2007

Eyjólfur Hauksson	formaður,	768 545
María Huesmann		358 556
Sólveig Stefánsdóttir		789 341
Agnar Sigurvinsson		435 183
Sigurður Kristinsson		787 710

Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður,	341 882	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari,	357 064	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri,	780 510	iristhorkels@yahoo.co.uk

Stjórn Íslandsdeildar Bazar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir	formaður,	26 945 378
Ingunn Guðmundsdóttir	gjaldkeri,	26 945 006

Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

Litlu dálkarnir

Smáauglýsingar

Til sölu

Æfingarbekkur

Til sölu lítið notaður æfingabekkur, tegund DP Ultra Gypmac TM II. Verð 150 €. Upplýsingar í síma 621 162 320.

VIKING GOLD

Til sölu er íslenski VIKING GOLD bjórinn í hálfslitra umbúðum. Kassinn kostar 40 €. Upplýsingar í síma 621 365 895 eða e-mail á island@pt.lu.

Gervihnattarbúnaður

100 stk. af gervihnattarbúnaði til að horfa á RUV hefur verið pantað til Luxembourg. Verð án uppsetningar er 400 €. Upplýsingar í síma 621 365 895 eða e-mail á island@pt.lu.

Íslenskur fiskur o.fl.

Íslenskur fiskur og kjöt til sölu. Spyrjóst fyrir og pantið hjá Icekost. Netfang: ickkost@t-online.de og síminn er +49 178 9055 862.

Símaskrá Breytingar

Arnar Guðmundsson
Kolbrún Eir Óskarsdóttir
3 rue des Primeveres
L-5775 WEILER-LA-TOUR

Birgir Örn Björnsson
Ólóf Dís Þórðardóttir
Bahnhofsstrasse 34
D-54457 WINCHERINGEN
Sími +49 658 3993 1999
Gsm O +352 621 228 636
Gsm B +352 621 276 756
e-mail olladis@t-online.de

Georg Þorkelsson
Elísabet Iðunn Einarsdóttir
Stóriteigur 4
270 Mosfellsbæ
Gsm G +354 663 0021
Gsm E +354 663 0020

Guðjón Sævarsson
Auður Ágústa Hermannsdóttir
5 rue des Muguets
L-5775 WEILER-LA-TOUR
Sími 26 701 333
Gsm Auður 661 721 973
Gsm Guðjón 621 199 536

audurherm@gmail.com

Halldór Thorleifs Stefánsson
Elísabet Sigurðardóttir
4 rue des Rimeveres
L-5775 WEILER-LA-TOUR

Lárus Sigurðsson
Heba Brandsdóttir
1 rue des Dahlias
L-5775 WEILER-LA-TOUR

Sigurður Örn Sigurðsson
Carole Thijssen
Im Dreizep 4
D-54668 ECHTERNACHERBRUCK

Fæðingar

Joelle Meyers og Gunnlaugur Ólafsson eignuðust dótturina Elie Thoru þann 9. febrúar 2007. Hún var 3300 gr. og 50 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Carole Thijssen og Sigurður Örn Sigurðsson eignuðust soninn Sigurð Tómas þann 25. febrúar 2007. Hann var 3600 gr. og 51,5 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Andrea Árnadóttir og Benedikt Pálmason eignuðust dótturina Söru Björk þann 27. apríl 2007. Hún var 3420 gr. og 50 cm. Við óskum þeim til hamingju.

Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla í Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

Áhugaverðar heimasíður

Luxembourg

www.adclux.info
www.e-ticket.lu
www.luxembourgticket.lu
www.popconcerts.de
www.rbenedikta.com
www.show.lu
www.topsquash.lu
www.thorunn.lu
Ísland
www.draumur.is
www.gulalanan.is / nota leitarlínu
www.postur.is

Börnir búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

"Oft svarar bakarinn snúðugt."